

Fundargerð DA

15.11.17

Mættir: Jón Helgi Björnsson, Drífa Valdimarsdóttir, Sigurður Böðvarsson, Steinþór Heiðarsson, Arnór Benónýsson og Kristján Þór Magnússon.

Dagskrá

1. Rekstur

JH fór ítarlega yfir stöðu rekstrar og horfur. Reksturinn er heldur betri en áætlun ársins spáði fyrir um.

2. Fjárhagsáætlun

JH lagði fram drög að rekstraráætlun fyrir 2018, en áætlað er að leggja fyrir stjórn endanlega áætlun á desemberfundi.

3. Yfirlæsingar íbúðar í búseturéttarkerfi

Íbúð í Miðhvammi sem nýtt hefur verið sem dvalarrými/hjúkrunarrými er laus og tækifæri til þess að auðvelda starfsemi og rekstur dvalar- og hjúkrunarýma í Hvammi með því að nýta umrædda íbúð inn í búseturéttarkerfið í staðinn. Tillagan að yfirlæsingar eru samþykkt.

4. Akstur í Stóru-Mörk

Ljóst er að kostnaður við akstur þjónustubega í Mörk mun aukast milli ára og skoða þarf það í rekstraráætlunargerð fyrir 2018.

5. Uppbygging nýrra hjúkrunarrýma

Stjórn DA fagnar mjög þeim fréttum úr velferðarráðuneytinu að heimilið sé komið inn á framkvæmdalistu um endurnýjun hjúkrunarrýma. Það þýðir að næstu skref krefjast greiningar á bestu staðsetningu nýrrar hjúkrunarrýmaálmu sem áætlað er að verði tekin í notkun fyrir árið 2022. Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við ráðuneytið og hefja greiningarvinnuna sem og að fá óháðan aðila að þeirri greiningu, áður en málið verður lagt fyrir stjórn að nýju.

6. Önnur mál

Steinþór Heiðarsson
Jón Helgi Björnsson
Arnór Benónýsson
Kristján Þór Magnússon
Drífa Valdimarsdóttir
Sigurður Böðvarsson
Jónas Þorvaldsson